



526. Stjórnarfundur haldinn 12. september 2019 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Már Bragason (BMB), Eva Björk Sveinsdóttir (ES), Jónína Steinunn Helgadóttir (JH) og Sveinbjörg Sigurðardóttir (SS).

Fjarverandi: Þórður Magni Kjartansson (PMK)

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa vegna „*Heilsu- og forvarnarviku Reykjanesbæjar*“. **Móttekið og áframsent á deildir.**

Tölvupóstur frá UMFÍ vegna 51. Sambandsþings UMFÍ. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa vegna „*Hvað verður í boði fyrir börn, ungmenni og foreldra í Reykjanesbæ veturinn 2019 – 2020*“. **Móttekið og áframsent á deildir.**

Tölvupóstur frá Snædís Helgadóttur Capacent fundargerð frá sameiginlegum fundi Keflavíkur og Njarðvíkur um framtíðarsýn á uppbyggingu íþróttamannvirkja í Reykjanesbæ. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá UMFÍ boð á 51. Sambandsþing UMFÍ á Hótel Laugarbakka 11.–13. október 2019. **Móttekið.**

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir deilda.

4. 90 ára afmæli Keflavíkur

EH fór yfir dagskrá 90 ára afmælis Keflavíkur 29. september. Fundargerðir þriggja funda lágu fyrir fundinum ásamt tillögu að dagskrá, veislustjóra um kvöldið Ingvari Jónssyni og boðsgestum. EH sér um að stjórna að deginum til. Verið er að útbúa hátíðarborðfána. Ekki verða gefnar gjafir til þeirra sem koma að deginum til. **Ákveðið er að fá Ingvar Jónsson til að sjá um veislustjórn um kvöldið og framkvæmdastjóra falið að bóka hann.**

5. Framtíðar íþróttasvæði RNB

EH, Sigurður Garðarsson formaður knattspyrnudeildar og Ingvi Hákonarson formaður körfuknattleiksdeildar sátu sameiginlega fund 21. ágúst 2019 með fulltrúum Njarðvíkur Ólafi Eyjólfssyni formamanni Njarðvíkur, Árna Þór Ármannssyni formanni knattspyrnudeildar, Jóni B. Ólafssyni stjórnarmanni körfuknattleiksdeildar og Einari Árna Jóhannssyni körfuknattleiksdeild ásamt Snædís Helgadóttur frá Capacent en hún stýrði fundinum. Fundurinn var að beiðni Kjartans Más Kjartanssonar bæjarstjóra Reykjanesbæjar.

Nokkrar umræður um málið og BMB varpaði þeirri spurningu hvort við sem félag værum næginlega samstillt hvað varðar uppbyggingu íþróttamannvirkja og staðsetningu þeirra til framtíðar. EH kastaði því fram hvort ekki væri komin tími til að halda formannafund um þetta málefni.

6. 51. Sambandsþing UMFÍ

Boðað hefur verið til Sambandsþings UMFÍ þann 11. – 13. október 2019 að Hótel Laugarbakka.

Þingsetning er föstudaginn 11. október kl. 18:00 og áætlað er að slíta þingi sunnudaginn 13. október kl.

14:00. Tillögur þurfa að berast til stjórnar UMFÍ ekki seinna en föstudaginn 13. september. Panta þarf gistingu fyrir 4. október nk. Verið er að kanna með fjölda þingfulltrúa.

Marteinn Ægisson framkvæmdastjóri Þróttar í Vogum hafði samband og vill að félögin Keflavík, Þróttur Vogum og Grindavík hittist til að fara yfir væntanlegt þing. Stefnt að fundi í næstu viku.

7. Önnur mál

EH mætti ásamt fulltrúum knattspyrnudeildar á fund íþrótt- og tómstundaráðs vegna óskar um fleiri tíma á gervigrasi.

EH sagði frá því að jólahlaðborð aðalstjórnar yrði 30. nóvember á Radisson Blue (Hótel Saga)

Næsti fundur 26. september kl.18:00

Fundi slitið kl. 19:30.

Fundinn ritaði BS.

